



Efnisyfirlit

Megintillögur verkefnisstjórnar:	4
1. Inngangur	5
1.1. Verkefnisstjórn um uppbyggingu að Hrauni	5
1.2. Fundir og undirbúningsvinna	5
1.3. Forsaga	6
2. Uppbygging að Hrauni.....	8
2.1. Heildarsýn til framtíðar	8
2.2. Gestastofa að Hrauni.....	10
2.3. Bílastæðamál.....	11
2.4. Menningarmiðlun	12
2.5. Fólkvangurinn Hraun.....	13
3. Lokaorð	13
Viðauki I: Skipunarbréf.....	15
Viðauki II: Fylgiskjöl.....	16
Viðauki III: Tengsl uppbyggingar við stefnur og áætlanir	17
Viðauki IV: Rekstur	19

SAMANTEKT

Menningar- og viðskiptaráðherra skipaði við árslok 2023 verkefnisstjórn sem hafði það hlutverk að koma með tillögur að uppbyggingu á fæðingastað Jónasar Hallgrímssonar.

Verkefnisstjórn kom m.a. saman að Hrauni og fundaði í þeirri vettvangsferð með stjórn Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal og sveitarstjórn Hörgársveitar. Í samráði og samstarfi við þessa aðila var skipulögð undirbúningsvinna með aðkomu hönnuða og annarra sérfræðinga. Markmiðið þessarar vinnu var að lýsa af kostgæfni heildarsýn fyrir frekari uppbyggingu, kostnaðarmeta hana og áfangabinda.

Samkvæmt tillögum verkefnisstjórnar er jörðin Hraun í Öxnadal skipulögð sem ein heild þar sem bæjarstæðið, fólkvangurinn og náttúran allt-umlykjandi mynda vettvang fræðslu, útivistar og menningarviðburða.



Jónas Hallgrímsson fæddist að Hrauni í Öxnadal 16. nóvember 1807.

Jónas er óumdeilanlega eitt af ástsælustu þjóðskáldum Íslendinga og framlag hans til menningararfsins ómetanlegt.

Að tillögu menntamálaráðherra ákvað ríkisstjórn Íslands, haustið 1995, að 16. nóvember ár hvert yrði dagur íslenskrar tungu.

Á þeim degi árið 2007 var minningarstofa opnuð að Hrauni, helguð tveggja alda afmæli Jónasar.

Mynd á forsíðu af Hraundranga tekin af Eypóri Inga Jónssyni (eythoringi.com)

Megintillögur verkefnisstjórnar:

Gestastofa að Hrauni

Að gestastofa verði byggð upp í endurgerðum útihúsum, með megináherslu á þjónustu og fræðslu við þá sem staðinn sækja heim. Þar verða snyrtingar, fjölnota salur, upplýsingar, veitingar og sýning um störf Jónasar og náttúruna. Sú aðstaða verður byggð upp sem „anddyri“ að fólkvanginum og gönguleiðum um hann.

Bílastæðamál

Samhliða uppbyggingu gestastofu er nauðsynlegt að huga að innviðum. Að mati verkefnisstjórnar er brýnt að færa bílastæðamál innan fólkvangsins til betri vegar, áður en byggður er upp sögustaður og menningarsetur að Hrauni, svo hægt sé að tryggja öryggi og aðgengi allra gesta. Verkefnisstjórn telur jafnframt mikilvægt að ásýnd staðarins fái að halda sér og taka tillögur um uppbyggingu bílastæðis mið af því.

Menningarmiðlun

Jónas Hallgrímsson er eitt af ástsælustu þjóðskáldum Íslendinga og framlag hans til menningararfsins ómetanlegt. Arfleifð Jónasar á sviði skáldskapar, vísinda, tungumálsins og samfélags verður miðlað á myndrænan og nýstárlegan hátt. Heildarsýn gerir ráð fyrir sýningu og innsetningum innandyrna sem utan, með áherslu á að kynna efnið í gegnum leik, gagnvirkni, þrautir og fleira.

Fólkvangurinn Hraun

Stórbrotin náttúra umlykur fæðingarstað Jónasar Hallgrímsson og þar er einstakt tækifæri til að tengja saman náttúruupplifun, sögu og menningu. Bætt aðgengi og skipulag ásamt aukinni upplýsingagjöf á svæðinu, er forsenda þess að Hraun þróist áfram sem áfangastaður. Þá er einnig mikilvægt að uppbyggingin sé í sem bestri sátt við umhverfi sitt. Í því samhengi má horfa til þess að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn, þar sem lögð verður fram aðgerðaáætlun til þriggja ára.

1. Inngangur

1.1. Verkefnisstjórn um uppbyggingu að Hrauni

Árið 2017 ályktaði Alþingi um að fela mennta- og menningarmálaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra að stuðla að uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal til að heiðra minningu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar. Þann 17. nóvember 2023 skipaði Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, sjö fulltrúa í verkefnisstjórn um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal.

Hlutverk verkefnisstjórnar er að kanna möguleika til uppbyggingar og starfsemi að Hrauni í Öxnadal og gera tillögur til ráðherra um uppbyggingu og starfsemi á staðnum. Þá skal verkefnisstjórn kappkosta að hefja nauðsynlegar ráðstafanir á staðnum sjálfum í samstarfi við Menningarfélagið Hraun í Öxnadal, eiganda jarðarinnar.

Tillögunum skal fylgja kostnaðarmat og eftir atvikum skilgreindir áfangar við uppbygginguna. Verkefnisstjórn skal skila skriflegum tillögum til ráðherra innan tólf mánaða, þ.e. eigi síðar en 1. desember 2024.

Verkefnisstjórn er þannig skipuð:

- Hanna Rósa Sveinsdóttir, tilnefnd af Menningarfélaginu Hrauni í Öxnadal - formaður
- Valgerður Gunnarsdóttir, skipuð án tilnefningar - varaformaður
- Jónas Þór Jónasson, tilnefndur af Hörgársveit
- Dagný Arnarsdóttir, tilnefnd af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
- Hallgrímur Jökull Ámundason, tilnefndur af menningar- og viðskiptaráðherra
- Óttar Kolbeinsson Proppé, tilnefndur af menningar- og viðskiptaráðherra
- Vilhelmína Jónsdóttir, tilnefnd af menningar- og viðskiptaráðherra

Í apríl 2024 réð stjórn Menningarfélagsins Hraun í Öxnadal sérlegan verkefnisstjóra til að vera verkefnastjórn til aðstoðar í þessari vinnu. Verkefnisstjóri er Gunnar Már Gunnarsson.

1.2. Fundir og undirbúningsvinna

Verkefnisstjórn hélt alls ellefu bókaða fundi á skipunartíma sínum. Til viðbótar við reglulega fundi þá stóð verkefnisstjórn jafnframt að sameiginlegum vinnufundi með þátttöku fulltrúa Hörgársveitar og stjórnar Hrauns, þar sem tókst að draga fram mikilvæg sjónarmið og áhersluatriði. Af því tilefni voru á dagskrá stutt fræðsluerindi, m.a. frá starfsmönnum Umhverfisstofnunar og Markaðsstofu Norðurlands. Að endingu var haldin vinnustofa með fulltrúum frá verkefnisstjórn og stjórn Hrauns, hönnuðum sem koma að verkefninu, fag- og listafólki úr heimabyggð og ungmenni. Megintilgangur vinnustofunnar var að móta helstu stef fyrir þá hugmyndavinnu er snýr að menningarmiðlun að Hrauni.

Formaður og verkefnisstjóri komu einnig fram út á við sem málsvari verkefnisstjórnar á milli reglulegra funda, í samtölum við ýmsa hagsmunaaðila og í samræmi við umræður og ákvarðanir fyrri funda.

Til að áfangaskipta frekari uppbyggingu á staðnum og kostnaðarmeta þá setti verkefnisstjórn, í samráði við Menningarfélagið Hraun og Hörgársveit, jafnframt af stað eftirfarandi undirbúningsvinnu:

- **Deiliskipulag og forhönnun:** Verkefnið felst í því að vinna deiliskipulag fyrir bæjartorfu Hrauns og nánasta umhverfi ásamt því að forhanna bílastæði, áningarstaði, nánasta umhverfi bygginga og göngustíga.
 - Framkvæmdaraðili: Landslag ehf.
- **Verkhönnun:** Verkefnið felst í verkhönnun á þeim svæðum sem verða skilgreind í deiliskipulagi og forhönnun, það eru bílastæði og umhverfi, áningarstaðir, nánasta umhverfi bygginga og göngustígar.
 - Framkvæmdaraðili: Landslag ehf.
- **Forhönnun gestastofu:** Forhönnun mannvirkja vegna sýningarrýmis og samkomusals í gömlum fjárhúsum og hlöðu sem nú standa á jörðinni svo að húsnaðið geti þjónað móttöku gesta og ferðamanna
 - Framkvæmdaraðili: Kollgáta ehf.
- **Hugmyndahönnun miðlunar:** Hugmyndavinna vegna fyrsta áfanga sýningargerðar sem lýkur með hugmyndabók. Í hugmyndabókinni eru dregnar upp meginlínur fyrir sýningu um Jónas Hallgrímsson.
 - Framkvæmdaraðili: Gagarín ehf., í samvinnu við Landslag og Kollgátu.
- **Rekstraráætlun:** Helstu fjárhagslegu forsendur uppbyggingar og mögulegs framtíðarrekstrar gestastofunnar.
 - Framkvæmdaraðili: KPMG ehf. á Íslandi

”
**Ástarstjörnu
yfir Hraundranga
skýla næturský.
Hló hún á himni,
hryggur þráir
sveinn í djúpum dali.**

Stærstur hluti ofangreindrar undirbúningsvinnunnar fór fram á skipunartíma verkefnisstjórnar og er afraksturinn kynntur nánar í fylgiskjöllum.

1.3. Forsaga

1.3.1. Menningarfélagið Hraun í Öxnadal ehf.

Menningarfélagið Hraun í Öxnadal ehf. var stofnað árið 2003 á dánardegi Jónasar Hallgrímssonar 26. maí. Sama ár keypti félagið jörðina Hraun í Öxnadal af erfingjum hjónanna Elínborgar Aðalsteinsdóttur og Jónasar Rósants Jónassonar sem bjuggu þar til ársins 1973. Síðasti ábúandi var sonur þeirra Jón Aðalsteinn Jónasson sem bjó þar til 1998 en þá fór jörðin í eyði.

Hraun í Öxnadal er einkahlutafélag. Þann 31. desember 2023 voru hluthafar 15 talsins. Hörgársveit á 56,3% í félaginu, Samband íslenskra sparisjóða 26,32%, KEA sv. 5,49% og aðrir hluthafar minna.

Félagið hefur fyrst og fremst verið rekið fyrir styrktarfé frá fjárlaganefnd og öðrum opinberum aðilum, en samkvæmt samþykktum er tilgangur þess að:

...reka fræðasetur að Hrauni í Öxnadal, tengt minningu Jónasar Hallgrímssonar, kynna verk, líf og starf skáldsins og náttúrufræðingsins, vinna með öðrum stofnunum í landinu við að efla lífandi og sögulega menningu og vinna að því að stofnaður verði þjóðgarður í landi Hrauns í Öxnadal, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Á þeim ríflega tveim áratugum sem liðnir eru frá stofnun félagsins hefur það staðið fyrir ýmis konar uppbyggingu og viðburðum. Íbúðarhúsið sem reist var árið 1933 á grunni gamla torfbæjarins var gert upp frá grunni í samræmi við tillögur Magnúsar Skúlasonar arkitekts. Áföst gripahús og útihús norðan við íbúðarhúsið voru fjarlægð og hreinsað til á jörðinni.



Um 300 gestir sóttu Fífilbrekkuhátíðina árið 2007.

Á 200 ára afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar 16. nóvember 2007 opnaði forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, minningarstofu og sýningu á Hrauni, um ævi og störf þjóðskáldsins, náttúrufræðingsins og stjórnmála-mannsins Jónasar.¹ Síðar það sama ár var einnig tekin í notkun fræðimannaíbúð í íbúðarhúsinu á Hrauni. Ætlunin var að hún yrði leigð út til rithöfunda og fræðimanna. Það gekk eftir í þónokkur ár. Nokkuð dró úr eftirspurn og því

var brugðið á það ráð að leigja hana út sem orlofsíbúð hluta úr ári, til að afla tekna til reksturs og viðhalds á jörð og húsum. Að endingum má nefna að menningarfélagið hefur frá upphafi staðið að og tekið þátt í fjölbreyttri menningarstarfsemi tengdri þjóðskáldinu að Hrauni í Öxnadal.

Árið 2019 hlaut Menningarfélagið Hraun styrk úr Uppbyggingarsjóði Eypings til að vinna að stefnumótun fyrir félagið. Í þeirri vinnu var m.a. haldinn opinn stefnumótunarfundur í Háskólanum á Akureyri og hagaðilum og öllum áhugasömum um starfsemi menningarfélagsins og uppbyggingu í Hrauni boðið til þátttöku. Stefnan var samþykkt af eigendum Hrauns árið 2020 og gildir frá árinu 2020 til ársins 2030. Hún byggir á skýrri framtíðarsýn, sem markar hlutverk og tilgang félagsins, og taka tillögur verkefnisstjórnar mið af þessari stefnu.

¹ Þótt sýningin sé enn til staðar að miklu leyti þá er hún ekki lengur opin almenningi þar sem húsið var allt tekið undir fræðimannaaðsetur og orlofsútleigu hluta að ári. Enda hefur frá upphafi legið fyrir að húsnæðið hentar illa undir slíka sýningu, og lengi verið stefnt að því markmiði að vegleg gestastofa rýsi að Hrauni.

Í stjórn Hrauns sitja í dag:

Hanna Rósa Sveinsdóttir formaður, Þorsteinn Rútsson, Laufey Petrea Magnúsdóttir, Valgerður Gunnarsdóttir og Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir.

1.3.2. Fólkvangur að Hrauni

Umhverfisráðherra friðlýsti hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal sem fólkvang með samningi sem dagsettur er 16. júní 2007. Þann 10. maí sama ár undirritaði ráðherra auglýsingu um friðlýsingu fólkvangsins að Hrauni í Öxnadal.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisráðherra hefur, að tillögu sveitarstjórnar Hörgárbyggðar og með samþykki Hrauns í Öxnadal ehf., eigenda jarðarinnar Hrauns og að fengnu álitni Umhverfisstofnunar, ákveðið að friðlýsa hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal sem fólkvang í samræmi við 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Fólkvangurinn nær yfir 2.286 hektara jarðarinnar, en 77 hektarar af heimalandi jarðarinnar eru undanskildir friðlýsingunni.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmiðið með friðlýsingu hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal er að vernda svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Verndargildi svæðisins byggir á því að landslag og náttúrufar, sérstaklega jarðmyndanir, eru mjög fjölbreytt og eru þar m.a. mikilvægar minjar um horfna búskaparhætti. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að auðvelda umgengni og kynni af menningarminum og bókmenntaarfi þjóðarinnar, en þar fæddist skáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson.

(Nr. 534/2007)

Skipuð var þriggja manna umsjónarnefnd sem sjá skal um rekstur og umsjón fólkvangsins. Hana skipa fulltrúi Umhverfisstofnunar, fulltrúi Menningarfélagsins Hrauns og fulltrúi Hörgársveitar. Samkvæmt auglýsingunni skyldi Umhverfisstofnun sjá um gerð verndaráætlunar fyrir fólkvanginn. Hún liggur ekki fyrir.

2. Uppbygging að Hrauni

2.1. Heildarsýn til framtíðar

Hraun í Öxnadal er fæðingarstaður þjóðskáldsins Jónasar og býr yfir einstakri náttúruvegurð. Hraundranginn gnæfir yfir bæjarstæðinu í stórbrotnu umhverfi Öxnadals, skemmtilegur minnisvarði yfir listaskáldið góða og eitt helsta sérkenni Norðurlands. Á Hrauni í Öxnadal er því

einstakt tækifæri til að tvinnna saman í frásögn og upplifun áhrifamikla náttúru, sögu og íslenska menningu. Lífshlaup Jónasar, höfundarverk hans og ævistarf var enda mótað af þessari sömu náttúru. Þá var þjóðmenningin bæði lifandi afl í skrifum hans – og skáldskapurinn og skrifin um leið boðberi nýrra tíma og vegvísir fyrir íslenska þjóð og menningu.

Verkefnisstjórn leggur áherslu á að staðurinn og náttúran séu aðgengileg öllum, og staða Hrauns sem fólkvangs og friðlýsts svæðis sé þannig í öndvegi. Tillögur verkefnisstjórnar ganga út frá því að Hraun verði byggt upp sem áfangastaður. Þannig er hægt að búa til umgjörð utan um náttúrufræðslu og aðstaða eflid til útivistar og ferðaþjónustu, þar sem vel skilgreindar gönguleiðir og áningarstaðir stuðla að verndun náttúru og bættu öryggi ferðamanna.

Með heildrænni uppbyggingu getur Hraun orðið lifandi sögu-, náttúru- og menningarsetur þar sem framlag Jónasar til íslenskrar tungu, náttúrufræða og þjóðmála er heiðrað og því miðlað.

Verkefnisstjórn leggur til eftirfarandi forgangsröðun næstu þrjú árin:

- Uppbygging gestastofu
- Umbætur sem varða aðgengi og bílastæði
- Hönnun og uppsetning sýningar, bæði úti og inni
- Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar

***Markmið:** Jörðin Hraun í Öxnadal verði skipulögð sem ein heild þar sem bæjarstæðið, fólkvangurinn og náttúran alltumlykjandi myndi vettvang náttúru- og menningarupplifunar m.a. með fræðslu, menningarmiðlun og viðburðahaldi. Lögð verði áhersla á gott aðgengi til að gestir á staðnum megi njóta útivistar, menningar og fræðslu.*



Uppbygging gestastofu miðar að því að nýta gömul fjárhús og hlöðu sem byggð voru um miðja síðustu öld. Notast verður við íslenskar lausnir í efnisvali innanhúss og utan, auk þess sem húsgögn verða íslensk hönnun.

2.2. Gestastofa að Hrauni

Sá húsakostur sem nú er að Hrauni er ekki til þess fallinn að geta tekið á móti gestum og miðlað menningu, sökum stærðar og fyrirkomulags. Verkefnisstjórnin telur brýnt að bæta úr þessu þannig að fyrir hendi sé aðstaða svo hægt sé að taka á móti gestum. Að sama skapi telur verkefnisstjórnin mikilvægt að ásýnd staðarins frá þjóðveginum fái að halda sér og sé í sátt við umhverfi sitt. Þess vegna er lagt til að unnið verði út frá fyrri hugmyndum um að endurgera útihús bæjarins svo að þau verði gestastofa.

Gestastofan er stærsti einstaki liðurinn í uppbyggingu Hrauns í Öxnadal. Verkefnisstjórn leggur til eftirfarandi áfangaskiptingu þegar kemur að uppbyggingu hennar:

- **Áfangi 1:** Forhönnunar- og skipulagsferli
- **Áfangi 2:** Undirbúningur og fullnaðarhönnun
- **Áfangi 3:** Útboð
- **Áfangi 4:** Framkvæmdir

Mikilvægt er að fylgja verkefninu vel eftir frá upphafi til enda og gerir þessi tillaga ekki ráð fyrir að verkinu sé skipt upp í frekari áfanga. Það er þó mögulegt og aðgengilegast þá að skipta framkvæmdaþættinum upp í fleiri áfanga, enda liggja þar flestir verkþættirnir og hægt að fresta einhverjum þeirra án þess að það hafi áhrif á gæði verksins.



Markmið: Skapa myndarlega umgjörð um menningartengda starfsemi og auka þjónustu við gesti fólkvangsins. Gestastofan er mikilvægur liður uppbyggingar sem miðar að því að á Hrauni í Öxnadal verði til sögu-, náttúru- og menningarsetur sem heiðrað getur minningu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar.

2.3. Bílastæðamál

Nauðsynlegt er að ráðast í uppbyggingu innviða svo hægt sé með góðu móti að taka á móti gestum Hrauns, þannig að öryggi sé tryggt og umferð stýrt um friðlýst svæðið. Aðstæður eru þannig í dag að við íbúðarhúsið er mjög lítið malarplan en ekkert eiginlegt bílastæði fyrir gesti fólkvangsins. Engin stæði eru til staðar fyrir rútur og aðgengi þeirra að bæjarhlaðinu ekki gott. Til að gera staðinn aðgengilegan er nauðsynlegt að huga að bílastæða- og aðgengismálum.

Verkefnið samanstendur af malbikun akstursleiða á bílastæðum, niðursetningu og frágangi á jarðvegsgrindum á bílastæðum, grjóthleðslum við áningarstað, hellulögn á göngusvæði og áningarstað, frágangur malarstígs frá bílastæði, þökulögn og sáningu á endurmótuðum grassvæðum. Öll uppúrtekt sem fellur til við framkvæmdina verður nýtt á staðnum í manir og aðra landmótum sem er ætlað að fela eða milda ásynnd að bílastæðum.

Tillaga verkefnisstjórnar gerir ráð fyrir bíla- og rúrustæði, um 1.900 m² að stærð. Einnig er nauðsynlegt að breikka akveg að bílastæði, bæði fyrir almennt aðgengi og fyrir vetrarþjónustu. Þjónustuvegur og gönguleið að gestastofu verða færð fjær núverandi íbúðarhúsi. Að endingu verða fjögur bílastæði byggð við gestastofu, þar af bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Markmið: Byggja upp innviði svo hægt sé með góðu móti að taka á móti auknum fjölda gesta, þannig að öryggi þeirra sé tryggt og umferð stýrt um friðlýst svæðið. Stærsta einstaka verkefnið undir þessum lið er að koma upp bíla- og rútustæði í landi Hrauns.

2.4. Menningarmiðlun

Menningarmiðlun er stór og nauðsynlegur þáttur í því að Hraun verði sögustaður um Jónas Hallgrímsson sem og áhugaverður áfangastaður fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Verkefnisstjórnin leggur því til að gerð verði nýstárleg sýning um Jónas sem verði hvoru tveggja utan dyra sem innan og þannig aðgengileg þeim er staðinn heimsækja allt árið um kring óháð opnunartíma gestastofu.

Sýning innandyra mun hverfast um Jónas Hallgrímsson og hans lífsverk á sviði skáldskapar, vísinda og samfélags, en áherslan verður á að kynna efnið á óvenjulegan hátt í gegnum leik, gagnvirkni, þrautir og fleira. Leiðarstefið í upplifunarhönnuninni er að gera nútímalega, fjöruga og innihaldsríka sýningu sem ber virðingu fyrir umfjöllunarefninu. Hún á að kveikja á forvitni fólks, virkja það til athafna og vekja upp samtal og spurningar sem fólk mun taka með sér heim af staðnum.

Þá gera tillögur verkefnisstjórnar jafnframt ráð fyrir fræðslu og eftirminnilegri upplifun utandyra. Heimsókn gesta hefst við útskot við þjóðveg 1. Þar munu ferðalangar stöðva för sína við innsetningu, skúlptúr eða “aðdráttarafi” sem vísa mun veginn upp að bænum. Á bæjarstæðinu fræðast gestir í gegnum sérhannaðar innsetningar en þaðan teygir sýningin sig inn í gestastofuna áður en hún vísar gestunum aftur út og áfram út á fólkvanginn, allt að Hraunsvatni.

Mikilvægt er að vinna að hönnun og gerð innanhússýningar samhliða uppbyggingu gestastofu. Sýningarhönnun og miðlun utandyra er hægt að vinna í ýmsum áföngum, eftir því sem fjármagn leyfir. Þannig verkefni er þó til þess fallið að vekja athygli á staðnum og á uppbyggingunni – og líkleg til að höfða til fjölskyldna. Verkefnisstjórn leggur því til að unnið sé áfram að miðlun utandyra, á sama tíma og unnið er að markvissri uppbyggingu staðarins. Slík minni verkefni geta verið eins konar upptaktur, eða vörður, að því að raungera heildstæða framtíðarsýn í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar.

Markmið: Fræða gesti Hrauns um Jónas Hallgrímsson og hans lífsverk á sviði skáldskapar, vísinda og samfélags. Áherslan verður á að kynna efnið á nýstárlegan hátt í gegnum leik, gagnvirkni, þrautir og fleira sem er til þess fallið að höfða til ólíkra aldurshópa.



Á völdum svæðum í byggingunni flæða ljóð Jónasar um rýmið.

Rólegar hreyfingarnar kalla á athygli og umræður hjá fólki sem nýtur andartaksins og samverunnar.

2.5. Fólkvangurinn Hraun

Stórbrotin náttúra umlykur fæðingarstað Jónasar Hallgrímsson og þar er einstakt tækifæri til að tengja saman náttúruupplifun, sögu og menningu. Sem fyrr segir þá var Hraun í Öxnadal friðlýst sem fólkvangur árið 2007 en [stjórnunar- og verndaráætlun](#) hefur ekki verið gerð fyrir svæðið. Verkefnisstjórn telur mikilvægt að slík áætlun verði unnin í samvinnu við Menningarfélagið og þá uppbyggingu sem er fyrirhuguð að Hrauni. Slíkar áætlanir eru stefnumótandi skjöl og eru lögbundnar. Þær lýsa framtíðarsýn og grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig eigi að viðhalda og auka verndargildi svæðisins.

Í áætlununum er meðal annars fjallað um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna. Í þeirri vinnu yrði lögð fram aðgerðaáætlun til þriggja ára þar sem aðgerðum er forgangsraðað og þær skilgreindar. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hraun í Öxnadal gæti þannig m.a. fjallað um aðgengi og skipulag, uppbyggingu áningarstaða og hvernig upplýsingum er miðlað til ferðamanna.²

Markmið: *Móta framtíðarsýn fyrir fólkvanginn þar sem fjallað væri um t.a.m. aðgengi ferðamanna, miðlun upplýsinga og verndaraðgerðir.*

3. Lokaorð

Þessi skýrsla er unnin að beiðni menningar- og viðskiptaráðherra og í samræmi við framangreinda ályktun Alþingis frá árinu 2017.

Verkefnisstjórn hóf störf í upphafi árs og setti af stað, í samráði við Menningarfélagið Hraun í Öxnadal, nokkuð viðamikla undirbúningsvinnu. Eftirfarandi áherslur voru hafðar að leiðarljósi

² Lítið er um merkingar á svæðinu og tiltölulega einfalt verk að bæta úr því þannig að gagn sé af fyrir gesti. Ráðast má í slík verkefni á næstu misserum, án mikils kostnaðar. Þó þarf að gæta þess að merkingar séu í samræmi við heildræna sýn þegar kemur að hönnun og efnisvali.

í þeirri vinnu: Að forma skýrar tillögur um heildræna uppbyggingu sem heiðrar arfleifð skáldsins, verndar náttúrufergurð staðarins og býður gestum upp á fræðslu og menningarupplifun af ýmsum toga.

Fylgiskjöl þessarar skýrslu draga fram framtíðarsýn mögulegrar uppbyggingar í heild sinni. Til stuðnings þeirrar sýnar leggur verkefnisstjórn jafnframt til forgangsröðun verkefna næstu þrjú árin, að því gefnu að fjármagn verði fengið í verkefnið. Opinberar stefnur og þingsályktanir voru hafðar til hliðsjónar og vinnan skipulögð á grundvelli þeirra. Tillögur verkefnisstjórnar samræmast því opinberum markmiðum í málefnum sögustaða, ferðamála, bókmennta og náttúruverndar, og samræmast einnig samþykktum Alþingis.

Viðauki I: Skipunarbréf



Hanna Rósa Sveinsdóttir
Ránargötu 14
600 Akureyri
Ísland

Dagsetning 17.11.2023
Málsnúmer MVF23110158

Skipun í nefnd skv. ákvörðun ráðherra: Verkefnisstjórn um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal

Árið 2017 ályktaði Alþingi um að stuðla skyldi að uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal til að heiðra minningu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar. Frá þeim tíma hafa ýmsar ráðstafanir verið gerðar en nú þykir tímabært að skipa verkefnisstjórn til að stuðla að framgangi verkefnisins.

Menningar- og viðskiptaráðherra skipar hér með þig í verkefnisstjórn um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal.

Hlutverk verkefnisstjórnar er að kanna möguleika til uppbyggingar og starfsemi að Hrauni í Öxnadal og gera tillögur til ráðherra um uppbyggingu og starfsemi á staðnum. Þá skal verkefnisstjórn kappkosta að hefja nauðsynlegar ráðstafanir á staðnum sjálfum í samstarfi við Menningarfélagið Hraun í Öxnadal, eiganda jarðarinnar. Tillögnum skal fylgja kostnaðarmat og eftir atvikum skilgreindir áfangar við uppbygginguna. Verkefnisstjórn skal skila skriflegum tillögum til ráðherra innan tólf mánaða, þ.e. eigi síðar en 1. desember 2024.

Nefndin er þannig skipuð:

Hanna Rósa Sveinsdóttir, tilnefnd af Menningarfélaginu Hrauni í Öxnadal - formaður
Valgerður Gunnarsdóttir, skipuð án tilnefningar – varaformaður
Jónas Þór Jónasson, tilnefndur af Hörgársveit
Dagný Arnarsdóttir, tilnefnd af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
Vilhjálmína Jónsdóttir, tilnefnd af menningar- og viðskiptaráðherra
Hallgrímur Jökull Ámundason, tilnefndur af menningar- og viðskiptaráðherra
Óttar Kolbeinsson Proppé, tilnefndur af menningar- og viðskiptaráðherra

Verkefnisstjórnin er skipuð, frá 16. nóvember 2023 til 1. desember 2024. Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í nefndinni.

Formanni er falið að kalla nefndina saman til fyrsta fundar. Formaður ber jafnframt ábyrgð á að halda til haga upplýsingum um virkan starfstíma nefndarinnar, þ.e. fjölda og tímalengd funda, og að fundargerðum og niðurstöðum nefndarstarfs sé skilað til ráðuneytisins, ásamt öðrum gögnum eftir því sem við á.

F.h. ráðherra


Sigrún Brynja Einarsson


Arna Kristín Einarsson

Viðauki II: Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1: Kynning á heildarsýn uppbyggingar
- Fylgiskjal 2: Forhönnun gestastofu að Hrauni
- Fylgiskjal 3: Umhverfi bygginga og bílastæði
- Fylgiskjal 4: Deiliskipulagslýsing
- Fylgiskjal 5: Rekstraráætlun
- Fylgiskjal 6: Minnisblað um stofnun sjálfseignarstofnunar

Viðauki III: Tengsl uppbyggingar við stefnur og áætlanir

- **Pingsályktun um Hraun**: Á Alþingi árið 2017 var samþykkt eftirfarandi þingsályktun um Hraun í Öxnadal:

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra að stuðla að uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal til að heiðra minningu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar. Ráðuneytin leiti í því skyni eftir samstarfi við eiganda jarðarinnar Hrauns í Öxnadal um fjármögnun og framkvæmd uppbyggingarinnar svo og um framtíðarskipulag starfsemi til heiðurs Jónasi. Nánari útfærsla verði í höndum ráðherra sem kynni Alþingi áætlun í þessa veru á haustþingi 2017. (Þingskjal nr. 1006/2016-2016).

- **Tillaga til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða**: Menningar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða. Þar er meðal annars fjallað um mikilvægi þess að huga betur að uppbyggingu sögustaða.
- **Tillaga til þingsályktunar um bókmenntastefnu**: Menningar- og viðskiptaráðuneyti hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um bókmenntastefnu fyrir árin 2024-2030. Meðal aðgerða er að stuðla að fjölbreyttu samstarfi stofnana og félaga sem vinna með íslenskar bókmenntir og menningararf með það að markmiði að bæta miðlun og auka nýsköpun fyrir íslenskan almenning og erlenda gesti.
- **Tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030**: Menningar- og viðskiptaráðherra hefur sett til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda drög að tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030. Víða er minnst á mikilvægi menningar og sögu, og meðal aðgerða að auka áherslu á sanngildi og sérstöðu íslenskrar menningar í ferðaþjónustu á Íslandi.
- **Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum**: Markmið laganna er að móta og samræma stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum vegna álags af völdum ferðamennsku og útivistar. Það er gert með stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára skv. 3. gr. og þriggja ára verkefnaáætlun skv. 4. gr. sem er hluti af og innan ramma tólf ára áætlunarinnar. Fólkvangurinn Hraun í Öxnadal er ekki tilgreindur í núgildandi verkefnaáætlun landsáætlunar.

- **Áfangastaðaáætlun Norðurlands**: Hraun í Öxnadal er hluti af áfangastaðaáætlun Norðurlands sem eitt forgangsverkefna Hörgársveitar. Þar segir meðal annars:

Markmið verkefnisins er að varðveita Hraun í Öxnadal og gera svæðið og fólkvanginn í Hrauni aðgengilegri ferðamönnum og gestum með bættum gönguleiðum, vegum, upplýsinga- og söguskiltum.

- **Sóknaráætlun Norðurlands Eystra**: Vinna er hafin við gerð nýrrar Sóknaráætlunar Norðurlands eystra sem mun taka gildi um áramót, en gildandi áætlun gildir út árið 2024. Haldnar hafa verið vinnustofur í öllum sveitarfélögum á svæðinu og var þar fjallað um þrjú málaflokka Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2025-2030: *Atvinnulíf – Blómlegar byggðir – Umhverfismál*. Líklegt er að uppbygging að Hrauni falli vel að markmiðum nýrrar sóknaráætlunar, einkum þeim er heyra undir „Blómlegar byggðir“.

Viðauki IV: Rekstur

Rekstrarforsendur

KPMG á Íslandi vann að beiðni verkefnisstjórnar rekstraráætlun fyrir rekstur gestastofu og er hún birt í heild sinni í fylgiskjali. Þar er yfirlit yfir áætlaðan kostnað og tekjur og einstaka rekstrarliðir skilgreindir. Þar er jafnframt yfirlit yfir nauðsynlegar fjárfestingar, miðað við forkostnaðaráætlanir frá framangreindum hönnuðum verkefnisins.

Stofnun sjálfseignarstofnunar

Menningarsetur sem hefur m.a. þann tilgang að heiðra minningu og arfleifð skáldsins er auðsæilega samfélagsdrifinn rekstur. Starfsemin er í eðli sínu óhagnaðardrifin og verður að öllum líkindum háð opinberum framlögum að einhverju marki. Það er mat verkefnisstjórnar að sjálfseignarstofnun sé hentugasta rekstrarformið fyrir þá framtíðarsýn sem er lögð fram, ekki aðeins þegar horft er til uppbyggingar og reksturs, heldur einnig til að tryggja samstarf fjölbreyttra hagsmunaaðila um öfluga starfsemi.

Sjálfseignarstofnun er stofnun eða sjóður sem á sig sjálf og þar af leiðandi eru þar engir skilgreindir eigendur. Hlutunum í einkahlutafélaginu yrði þannig ráðstafað með varanlegum og óafturkræfum hætti til stofnunarinnar sem um leið yrði eigandi eigna félagsins, þar með talið jarðarinnar Hrauns. Núverandi hluthafar myndu því ráðstafa sínum eignarhlutum í núverandi félagi til stofnunarinnar án þess að fá endurgjald fyrir hlutaféð.

Í skipulagsskrá stofnunarinnar yrðu ákvæði um starfsemi hennar, hlutverk og markmið og hvernig fé stofnunarinnar skuli varið til að ná þeim markmiðum. Þá væri hægt að kveða á um stjórn, hvernig hún yrði skipuð og hverjar skyldur stjórnar gagnvart stofnuninni og markmiðum hennar væru, s.s. ráðningar starfsmanns, umsjón með fjárhagsáætlun o.fl. Í skipulagsskrá yrði einnig kveðið á um hverjar tekjur stofnunarinnar væru og hvaðan framlög inn í stofnunina kæmu.³

Áður en hægt er að stofna sjálfseignarstofnun, þá eru þó ýmis álitamál og spurningar sem þarf að velta upp. Lögmaður Hörgársveitar hefur tekið saman minnisblað um helstu álitamál og er það birt í heild sinni í fylgiskjali.

³ Til eru drög að skipulagsskrá frá árinu 2010 sem gerir ráð fyrir að hluthafar í einkahlutafélaginu Hrauni í Öxnadal ehf. láti hluti sína renna í sjálfseignarstofnun (SES) með sérstaka stjórn, sem yrði stofnuð skv. Lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir. Þar er farið yfir hlutverk og mögulega stofnendur sjálfseignarstofnunar. Eins og að líkum lætum hefur ýmislegt breyst á þeim tíma sem liðinn er en drögin eru engu að síður góður grunnur til að byggja á.